

Spjör

Fyrir nokkrum árum barst mér í hendur örnefnaskrá um Spjör í Eyrarsveit, Snæf. sem gerð var af Þorleifi Jóhannessyni, um eða eftir 1930 og sá ég þá að mjög fá örnefni eru skráð í Spjararlandi, og undraði mig það, eða alls 12 nöfn. Ég er alinn upp á Spjör, frá 1924 og fram yfir 1940, eða unglingsár mín, þannig að ég fór mikið um jörðina, og voru mér þá sögð ýmis nöfn á stöðum, sérstaklega við að sækja skepnur og smalamennsku. Þannig vissi ég þegar um mörg nöfn, sem ekki voru á fyrrnefndri örnefnaskrá, sem eru rétt í aðalatriðum, en þarf þó smáleiðréttingar á skýringum, t.d. um legu Hestlækjar, en ég kem að því síðar.

Ég ákvað að bæta við það sem ég vissi um önnur örnefni á Spjör, en það hefur dregist úr hófi, en hitt er annað að ég hefi reynt að bæta við þekkingu mína með samtölum við fólk sem eitthvað vissi um örnefni þarna, en nú vil ég koma þessu til ykkar, enda vonlítið að fá mikið fleiri nöfn, því flestir mér eldri, sem þarna þekktu til, eru fallnir frá. Ég mun þá rekja örnefnin á Spjör, sem framhald af skrá Þorleifs Jóhannessonar, en gera athugasemdir við, eða bæta við skýringar hans, þar sem mér þykir þurfa við:

1. **Spjarará**, sem eru landamerki milli Spjarar og Setbergs, frá sjó og upp að Græfum, en þar eru merkin um Ljósuskriðu upp í Klakki (22).
2. **Húsalækur**, er norðan túnsins á Spjör, og eru upptök hans undir svonefndum Holtum (sjá nr. 17) en Húsalækur rennur í Hestlæk, en ekki til sjávar (sjá 5).
3. **Biskupapartur**, neðri hluti núverandi túns.
4. **Húsatún**, þar voru áður útihús, þ.e. fjárhús og hesthús.
5. **Hestlækur**, sem nær allt frá Merkjalæk (31), milli Spjarar og Bárar og til sjávar, og í þann læk rennur Húsalækur og fl. smálækir úr Mýrinni (sjá 2 og 7.)
6. **Hópið**, sem myndað er af útrennsli bæði Spjararár og Hestlækjar, þar sem þau renna til sjávar. Sjór fellur nokkuð upp í Hópið, um stórstrauma, og breytist útrennsli þess nokkuð.
7. **Lágiflói**.

- 8. Börðin.** (Þetta er rétt, en þarna eru nokkur örnefni nær sjónum, sem vantar, og koma síðar með athugasemdum, því Þorleifur hefur sennilega rakið öll örnefni frá sjó).
- 9. Klakksmýrar.** (Þetta er rétt og eru þetta grösugar mýrar, sem voru heyjaðar fram eftir árum. En þarna er eins, vantar nokkur örnefni, sem reynt verður að bæta úr hér.)
- 10. Torfholt.** (Þarna er komið niður undir veg aftur.)
- 11. Sund.** (Rétt, til viðbótar sjá nr. 27)
- 12. Rimi.** Þetta er mikill malarkambur frá Þjóðveginum og til sjávar, og nær hann að sunnan frá Hestlæk, þar sem lækurinn rennur í Hópið, og allt að merkjum Spjarar og Bárar (ca. 1 km. Þarna var gerður flugvöllur 1960, sem notaður var, þar til flugvöllur að Þórdísarstöðum var gerður 1980.) Fyrir neðan Rimann eru háir sjávarkambar, sem allir eru úr mól, hvergi klettadrangar sjáanlegir, sem er þó í gljúfrinu þar sem Hestlækur rennur, áður en hann kemur í Hópið (sjá 5 og 6). Nú eru ekki fleiri örnefni sem Þorleifur Jóhannesson hefur skráð, og mun ég hér bæta við, og reyna að halda samhengi við lýsingar Þorleifs:
- 13. Mýri** (eða **Kringlumýri** (13a)) er kringlótt mýri inn á milli holtanna, skjólsæl, og stundum heyjuð.
- 14. Móholt.** Hátt holt í Lágaflóa (7), sem mór var þurrkaður á, enda var þó nokkur mótekja í Lágaflóa.
- 15. Kjóholt,** sem er sunnar í flóanum, og er nokkru minna, þarna varp kjói iðulega. Húsalækur er nokkru sunnar, en upp af upptökum af einni kvísl, sem mynda Húsalækinn, er slétt laut, 10-20 m breið og 150-200 m löng, og nefnist hún
- 16. Langalaut.** Laut þessi er slétt og grasgefin.
- 17. Holtin,** þetta eru melar, sem ná allt frá Spjarará (1) og að Merkjalæk (31) (sem eru merki Spjarar og Bárar). Holtin eru nokkuð skipt í sundur af grónum lautum, svo sem Löngulaut (16) og Mýri (13).
- 18. Nátthagi,** er ofan í Spjararánni, sem er grösugur nokkuð breiður farvegur, og sést þar fyrir garði úr hnaus, þó nokkuð af honum sé horfið.
- 19. Uppspretta,** sem er kaldavermsl, sem kemur undan holtinu.

- 20. Slétturnar**, sléttar flatir meðfram Spjararánni ofan Þjóðveggar, og eru þetta uppgrónir melar.
- 21. Grænuhjallar**, er klettastallur neðarlega í Klakkshlíðinni (30), og eru þeir vel grónir, en norðar er grágrýtisskriða ógróin, utan smágrasgeira.
- 22. Klakkur**, fjallið Klakkur, sem er að meiri hluta að vestan í landi Spjarar, en í landi Setbergs fyrir sunnan Ljósuskriðu (24).
- 23. Klakkshaus**, þverhnipt klettabelti, sem endar á nokkuð háu standbergi, sem ber þetta nafn, og verpa þar hrafn og fl. fuglar. Að ofan er Klakkurinn alveg sléttur um 360 m. hár, og frekar greiðfær, utan Klakkshausinn og klettabeltið þar nálægt.
- 24. Ljósaskriða**, er í Klakk að suðvestan, og eru landamerki á milli Spjarar og Setbergs, en síðan tekur Spjararáin við sem landamerki.
- 25. Álfaklettur** eru neðst í gljúfri því sem Hestlækur (5) rennur í Hópið (6) – Þjóðsögur eru til um álfa í þessum klettum.
- 26. Kampur**, malarkampur á milli Hópsins (6) og sjávar.
- 27. Mógrafir**, þetta eru gamlar mógrafir í Sundinu (11).
- 28. Klakkstjörn**. Þetta er lítil tjörn upp á Klakk (22) en nokkuð djúp, og koma sennilega saman landamerki þriggja jarða í þessari tjörn, þ.e. Spjarar, Eiðis og Hjarðarbóls.
- 29. Draugagil**, gil þetta er í Klakk, norðanverðu, og er að hluta merki á milli Spjarar og Hjarðarbóls, en neðri hluti gilsins er merki á milli Hjarðarbóls og Bárar.
- 30. Klakkshlíð**, hlíðin vestan í Klakk sem er að mestu í Spjararlandi.
- 31. Merkjalækur**, lækur ofan úr Klakk og niður á Markvelli (33), og eru það merki á milli Spjarar og Bárar.
- 32. „Upp á milli“**, þetta er lægð á milli Klakks og Hrísfells, sem er í Bárarlandi, og eru landamerkin þarna.
- 33. Markvellir**, er eins og nafnið bendir til, sléttur á merkjum Spjarar og Bárar, stærri hlutinn í Bárarlandi, og kemur þetta örnefni eflaust líka fram í örnefnaskrá um Bár. Að lokum vil ég geta þess að sjávarkamburinn sunnan Hópsins, sem nefnd er Spjarar-Snoppa, er í Setbergslandi.

Grundarfirði, nóv. 1997

Halldór Finnsson, Hrannarstíg 5

Stafrófsskrá örnefna.

Álfaklettur 25
Biskupapartur 3
Börð 8
Draugagil 29
Grænuhjallar 21
Hestlækur 5
Holt 17
Hóp 6
Húsalækur 2
Húsatún 4
Kampur 26
Kjóholt 15
Klakkshaus 23
Klakkshlíð 30
Klakksmýrar 9
Klakkstjörn 28
Klakkur 22
Kringlumýri 13a = 13
Langalaut 16
Lágiflói 7
Ljósaskriða 24
Markvellir 33
Merkjalækur 31
Mógrafir 27
Móholt 14
Mýri 13 = 13a
Nátthagi 18
Rimi 12
Sléttur 20
Spjarará 1
Sund 11
Torfholt 10
Upp á milli 32
Uppspretta 19